

|                          |            |
|--------------------------|------------|
| Bæjarskrifst. Garðabæjar |            |
| Mótt.dags.               | 29.11.2016 |
| Málalykill               | 11.30      |
| Mál nr.                  | 1606484    |

Garðabær  
Guðfinna B. Kristjánsdóttir/Eysteinn Haraldsson  
Garðatorg 7  
210 Garðabær



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík, 25. nóvember 2016  
Tilvísun: 201609-0066

### Efni: Styrkúthlutun 2016 vegna verndarsvæða í byggð

Garðabær fékk styrk úr húsafriðunarsjóði 2016 til verkefnisins:  
Verndarsvæði í byggð – Garðahverfi, Álfanesi.

Meðfylgjandi er samningur vegna styrksins sem styrkþegi er beðinn  
um að undirrita og senda Minjastofnun Íslands. Afrit af samningi,  
undirrituðum af Minjastofnun Íslands, mun verða sent styrkþega.

Minnt er á að áður en verkefnið er hafið skal ábyrgðarmaður  
verkefnisins hafa samband við tengilið Minjastofnunar, Guðnýju  
Gerði Gunnarsdóttur, minjavörð, [guðnygerdur@minjastofnun.is](mailto:guðnygerdur@minjastofnun.is),  
sími 570-1311, eins og fram kom í bréfi dags. 14. september 2016  
sem sent var styrkþega.

Þeir sem ekki hafa sett sig í samband við Guðnýju Gerði nú þegar  
eru hvattir til að gera það sem fyrst.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands

Esther Anna Jóhannsdóttir  
Fjármálastjóri



Minjastofnun  
Íslands

## Samningur um styrk úr húsafriðunarsjóði

Minjastofnun Íslands, kt. 440113-0280, hér eftir nefnd styrkveitandi, og Garðabær, kt. 570169-6109, hér eftir nefnt styrkþegi gera með sér eftirfarandi samning um styrkveitingu úr húsafriðunarsjóði.

### 1. gr.

#### Markmið

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar er markmið og hlutverk húsafriðunarsjóðs að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Í því skyni veitir sjóðurinn styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Jafnframt er sjóðnum heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber einnig að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja og miðlun upplýsinga úr þeim.

Um úthlutun og greiðslufyrirkomulag styrks gilda ákvæði samnings þessa, sbr. 5. gr. reglna nr. 577/2016 um úthlutun úr húsafriðunarsjóði, sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig að hlíta.

Umsókn styrkþega og fylgiskjöl, sem uppfylla auglýst skilyrði fyrir styrkveitingum, og reglur um úthlutanir styrkja úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016 teljast hluti af samningi þessum.

### 2. gr.

#### Fjárhæð styrks

Styrkveitandi hefur ákveðið, sbr. 2. gr. reglna nr. 577/2016, að veita styrkþega styrk úr húsafriðunarsjóði. Styrkurinn er veittur til verkefnisins **Verndarsvæði í byggð - Garðahverfi, Álftanesi**, sbr. umsókn styrkþega númer 201609-0066.

Fjárhæð styrksins nemur **kr. 4.500.000** auk möguleika á 15% viðbótum vegna ófyrirséðs kostnaðar kr. 675.000, **þá samtals kr. 5.175.000**. Styrkurinn greiðist inn á reikning á kennitölu styrkþega númer **318-26-50**, eftir því sem nánar greinir í samningi þessum.

Styrkurinn er veittur til eftirfarandi verkþátta:

|                                                                                                                                                      |            |                  |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|------------------|
| <b>Húsakönnun</b>                                                                                                                                    | <b>kr.</b> | <b>0.000</b>     |
| Gagnaöflun, vinnsla korta og ljósmynda, vettvangsskráning og skýrslugerð. Eldri húsakönnun endurskoðuð og uppfærð m.v. nógildandi staðla M.Í.        |            |                  |
| <b>Fornleifaskráning</b>                                                                                                                             | <b>kr.</b> | <b>1.200.000</b> |
| Gagnaöflun, vinnsla korta og ljósmynda, vettvangsskráning og skýrslugerð. Eldri fornleifaskráning endurskoðuð og uppfærð m.v. nógildandi staðla M.Í. |            |                  |

|                                                                                                                                                                  |     |                         |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|-------------------------|
| Greinargerð með mati á varðveislugildi                                                                                                                           | kr. | 2.500.000               |
| Samráð við íbúa                                                                                                                                                  | kr. | 700.000                 |
| Annað þ.m.t. ferðakostnaður                                                                                                                                      | kr. | 100.000                 |
| <b>Samtals</b>                                                                                                                                                   | kr. | <b><u>4.500.000</u></b> |
| <b>Ófyrirséð 15%</b>                                                                                                                                             | kr. | <b>675.000</b>          |
| Verður greitt út í lok verkefnis í samræmi við uppgjör, verði sýnt fram á að kostnaður hafi farið fram úr ofangreindri áætlun um kostnað við einstaka verkþætti. |     |                         |
| <b>Samtals alls</b>                                                                                                                                              | kr. | <b><u>5.175.000</u></b> |

Telji styrkþegi nauðsynlegt að færa hluta af áætluðum kostnaði á milli einstakra verkþátta skal leita fyrirfram samþykkis Minjastofnunar. **Kostnaður við verkefnið skal færður sérstaklega í bókhaldi styrkþega og yfirlit yfir kostnað við verkefnið úr bókhaldi styrkþega sent til styrkveitanda við lok verkefnisins.**

3. gr.  
*Framkvæmd*

Styrkurinn er veittur til verksins: Verndarsvæði í byggð - Garðahverfi, Álfanesi, sbr. umsókn nr. 201609-0066. Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna eða verkþátta en getið er um í umsókn og samningi þessum án skriflegs samþykkis Minjastofnunar Íslands.

Áður en verkefnið er hafið skal styrkþegi leita samráðs og samþykkis styrkveitanda fyrir tilhögun verksins.

Styrkþegi skal vinna verkið í samræmi við verkáætlun sem samþykkt er af styrkveitanda. Styrkþegi skal leita fyrirfram samþykkis styrkveitanda fyrir frávikum. Styrkur greiðist aðeins út ef qæði vinnu eru í samræmi við kröfur styrkveitanda. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmyndar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

4. gr.  
*Greiðsla styrks og greiðslufyrirkomulag*

Styrkurinn sem samningur þessi nær til er til verkefna á árinu 2016 og 2017.

Styrkurinn greiðist út í tvennu lagi með eftirfarandi hætti:

- 1) Sjötíu prósent styrkfjárhæðar án liðarins ófyrirséð greiðast þegar verkefni hefur sannanlega hafist.
- 2) Þrjátíu prósent styrkfjárhæðar greiðast eftir lok verks, þegar fullnægjandi lokaskýrsla, að mati styrkveitanda, hefur borist styrkveitanda.

Áður en framkvæmd er hafin skal styrkþegi leita samráðs og samþykkis styrkveitanda á tilhögun verksins. Verkefni telst sannanlega hafið þegar samningur þessi hefur verið undirritaður, endurskoðuð verkáætlun, með tíma- og kostnaðaráætlun í samræmi við skilgreinda verkþætti í samningi þessum hefur verið send styrkveitanda og samningur/ar við ráðgjafa sendur styrkveitanda eða staðfest á annan hátt af ábyrgðarmanni verkefnisins að vinna sé hafin samkvæmt verkáætlun. Styrkveitandi metur hvort um fullnægjandi upphaf framkvæmda sé að ræða fyrir greiðslu fyrri hluta styrksins. Í því skyni er styrkveitanda heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum frá styrkþega.

Styrkþega ber að skila inn greinargerð um framvindu verkefnisins eigi síðar en 1. júní 2017.

Styrkþega ber að skila til styrkveitanda lokaskýrslu um verkefnið ásamt sundurliðun á kostnaði við verkefnið eigi síðar en 28. febrúar 2018 eða eftir nánara samkomulagi við styrkveitanda. Greiðsla síðari

hluta styrksins, sbr. liður 2), fer fram þegar fullnægjandi lokaskýrsla og gögn, að mati styrkveitanda, hefur borist.

Hafi greinargerð um framvindu eða lokaskýrsla ekki borist fyrir tilsetta tíma, sbr. framangreint, án fullnægjandi skýringa að mati styrkveitanda, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefjast fullrar endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt.

5. gr.

*Eftirlit*

Styrkveitandi hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við innsendar umsóknir og fylgigögn styrkbeiðanda. Styrkveitandi (eða fulltrúi hans) skal í því skyni eiga greiðan aðgang að hvers kyns gögnum og upplýsingum frá styrkþega sem þykja nauðsynleg vegna eftirlitsins.

6. gr.

*Vanefndir*

Brjótí styrkþegi gegn ákvæðum samnings þessa og/eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr húsafriðunarsjóði, sbr. reglur nr. 577/2014, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefja styrkþega um fulla endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt.

Brot á samningnum eða öðrum skilmálum styrkveitingar getur haft áhrif á möguleika styrkþega til frekari styrkveitinga úr húsafriðunarsjóði.

7. gr.

*Lögsaga og undirritun*

Um samning þennan gilda íslensk lög. Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestingar á öllu framangreindu undirrita báðir samningsaðilar samning þennan. Fulltrúi styrkþega staðfestir með undirritun sinni að hann hafi heimildir lögum samkvæmt til undirritunar fyrir hönd styrkþega.

Reykjavík, 25. nóvember 2016.

F.h. Minjastofnunar Íslands

F.h. styrkþega

\_\_\_\_\_  
Esther Anna Jóhannsdóttir

\_\_\_\_\_  
(Nafn og kt. þess sem undirritar f.h. styrkþega)